



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Starfsáætlun

2026– 2027



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3	
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026.....	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	9
4. Starfspróunarsamtöl	12
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans .....	12
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	12
7. Foreldrasamstarf	13
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	13
9. Þróunarverkefni	13
10. Fylgiskjöl:	14
10.1 Innra mat Fjöru 2025-2026.....	15
10.2 Innra mat Tjarnar 2025-2026.....	16
10.3 Innra mat Móa 2025-2026.....	17
10.4 Innra mat Lautar 2025-2026 .....	18
10.5 Innra mat Esju 2025-2026.....	19
10.6 Umbótaáætlun allra deilda 2026-2027 .....	20
10.7 Skóladagatal.....	23
10.8 Umsögn foreldraráðs.....	25





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Þetta skólaár hefur verið viðburðaríkt í sögu Ævintýraborgar við Eggertsgötu. Það má segja að eftir þetta fjórða starfsár séum við á góðri leið með að finna okkar takt. Árið hefur að miklu leyti farið í að straumflínulaga ýmislegt í starfinu s.s. móttöku nýliða, móttöku nýrra foreldra og barna, bæta upplýsingaflæði, að samræma skráningar úr starfinu, að gera söngstundirnar okkar markvissari, samræma þemavinnu og svona mætti lengi telja. Tveir kennarar hafa í vetur unnið að handbók fyrir deildarstjóra og einn kennari hefur unnið að handbók um móttöku erlendra foreldra. Aðdáunarverð verkefni sem munu hjálpa okkur enn frekar að taka faglega á móti nýju fólki, stóru sem smáu.

Hefðir í leikskólanum hafa mótast jafnt og þétt og í ár bættist við jólamarkaður sem var haldinn af frumkvæði eins starfsmanns. Allir lögðust á eitt og börnin sköpuðu allskonar fallegt og starfsfólk kom einnig með ýmislegt til að selja á markaðinum. Börnin afgreiddu foreldra og aðra velunnara með bros á vör og stóðu sig gríðarlega vel. Það má segja að markaðurinn hafi farið fram úr björtustu vonum og söfnuðust 80.000kr. Í kjölfarið var efnt til kosninga og fór svo að Barnaspítali Hringsins bar sigur úr þítum. Elstu börnin fóru svo í það verkefni að velja og kaupa dót í Kringlunni til að fara með á Barnaspítalann og það var svo mikill lærdómur sem fólst í þessu verkefni og samhljóma niðurstaða um að við viljum festa jólamarkaðinn í sessi. Þess má geta að innslag um verkefnið var sýnt í fréttatíma RÚV.

Við tókum þátt í verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem nefnist Torg í biðstöðu – rýmin á milli bygginganna. Verkefnið fjallaði um að finna stað í nærumhverfinu og gera hann skemmtilegri. Börnin fengu kynningu á verkefninu, fóru svo í göngutúra um hverfið og tóku myndir af stöðum sem þeim fannst að mættu vera skemmtilegri. Svo var haldin vinnusmiðja þar sem börnin komu með hugmyndir til að betrubæta rýmin. Að lokum voru hugmyndir barnanna teknar saman og þær sem oftast komu fram fengu brautargengi. Niðurstaðan varð regnbogagöng, að mála myndir og parísa á malbikið og svo ruslatunnuskrimslí. Staðurinn sem varð fyrir valinu var göngustígur í nærumhverfinu. Í kjölfarið var svo send styrkumsókn fyrir verkefninu á Reykjavíkurborg sem hlaut því miður ekki styrk að þessu sinni. Bæði jólamarkaðurinn og Torg í biðstöðu eru verkefni sem samræmist mjög hlutverki okkar sem Réttindaskóli UNICEF.

Árið hefur þó ekki verið laust við álagstíma í starfinu en ég held að það sé óhætt að segja að þetta ár hafi verið með þeim bestu í Ævintýraborg og vonandi verður framtíðin bara betri. Nýsamþykkt Reykjavíkurléið mun svo án efa hafa jákvæð áhrif inn í starfið.

Við fengum styrk frá Sprotasjóði árið 2022 og unnum þá styrkumsókn m.a. í samstarfi við Mixtúru, tækni- og sköpunarver SFS . Það tók mun lengri tíma en áætlað var að koma listasmiðjunni á laggir þar sem það þurfti margt að gera áður en hægt væri að taka hana í notkun t.d. láta teikna hana upp, fá leyfi hjá byggingarfulltrúa, mála, setja flóttaleið o.s.frv. Sem betur fer gáfumst við ekki upp og þökk sé veljvilja





Sprotasjóðs er draumur okkar loks orðinn að veruleika. Ráðning verkefnastjóra í listasmiðju á næsta starfsári mun án efa efla enn frekar sköpun í leikskólanum og er veigamikill þáttur í því að innleiða betur hugmyndafræði Reggio Emilia sem verður stór áhersluþáttur næsta vetur.

Við fengum nú í vor styrk upp á 4.000.000kr frá Þróunarsjóði B-hluta og munum vinna að samstarfsverkefni með Hagaskóla, Mixtúru, Miðstöð útivistar og útináms og Miðju máls og læsis næsta skólaár. Verkefnið heitir Læsi í víðu samhengi og snýst það um að börn frá Hagaskóla koma og innleiða verkefni/stundir sem snúast um að efla læsi í víðu samhengi hjá leikskólabörnunum. Mjög spennandi verkefni!

Við stefnum á námsferð til Reggio Emilia á Ítalíu næsta vor þar sem hugmyndafræðin sem við erum að innleiða fæddist. Mögulega verður hér einnig unnin Rannsókn á vegum Menntavísindasviðs, en meira um það síðar.

Nýtt skólaár fullt af ævintýrum!

Gæfa okkar í Ævintýraborg felst án efa í ótrúlega áhugasömum og góðum starfsmannahópi. Virkilega dýrmætt að starfa með góðu fólki. Húrra fyrir þeim!!

Ég enda þessa greinargerð eins og oft áður:

Megi Ævintýraborgin okkar vaxa og dafna á komandi ári!

Takk fyrir frábært skólaár!

Kristín Petrína Pétursdóttir

Leikskólastjóri





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

### Innra mat

Hvað var matið?	Deildarfundir, undirbúningstímar og upplýsingaflæði	
Hvernig fór matið fram?	Farið yfir upplýsingar/skráningar í tengslum við undirbúningstíma, deildarfundir og upplýsingaflæði.	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur leikskólans	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Hefur nánast alltaf verið hægt að halda deildarfund einu sinni í mánuði og upplýsingaflæði frá stjórnendum hefur verið bætt til muna með vikulegum Séð og Heyrt pósti sem settur er upp í starfsmannarými.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Undirbúningstímar hafa gengið ágætlega en þarf að gera betra skipulag.</p>

Hvað var matið?	Lausnateymisfundir	
Hvernig fór matið fram?	Með talningu á fundum	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Það voru haldnir tveir lausnateymisfundir á hvorri önn, samtals fjórir yfir árið. Teljum að það sé nóg þar sem sérkennslustjóri er í góðu sambandi við allar deildir og kallar á aukafundi ef þarf.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Ánægð með stöðu mála og engar úrbætur að svo stöddu.</p>





Hvað var matið?	Vellíðan starfsfólks	
Hvernig fór matið fram?	Leikskólastjóri fór yfir veikindafjarvistir	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Veikindafjarvistir hafa lækkað verulega á tímabilinu. Á haustönninni lækkaði veikindahlutfallið úr 20,17% í 7,38% samanborið við fyrra ár og það sem af er árinu 2026 hefur veikindahlutfallið lækkað úr 16,68% í 8,21% miðað við sama tíma í fyrra.</p> <p>Byrjuðum á innlitum/stuttum starfsmannasamtölum og markvissum viðverusamtölum eftir áramót 2026.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Viljum gera innlitin allt árið næsta ár og halda áfam með markviss viðverusamtöl.</p>

Hvað var matið?	Aðlögun barna - skipulagning	
Hvernig fór matið fram?	Örkönnun til foreldra og farið yfir efniviðinn sem búið er að búa til	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar, stjórnendur	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Búið að klára aðlögunar verkferla og straumlínulaga allt í tengslum við aðlögun s.s. dagskrá, handrit fyrir starfsfólk, móttöku, kynningafundi o.fl.</p> <p>Foreldrar svöruðu örkönnun og var upplifun foreldra sem voru að koma nýir inn í skólann mjög góð.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Út frá örkönnun þurfti að betrubæta innanhúss aðlögun og erum við að vinna í því að laga í takt við þær athugasemdir sem komu.</p>





Hvað var matið?	Móttökuáætlun fyrir nýliða og deildarstjóra	
	Torgið	
Hvernig fór matið fram?	Farið yfir þær handbækur sem búnar hafa verið til og hvernig þær hafa nýst okkur	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Skipulag í nýliðamóttöku orðið mun betra og búið að gera alla verkferla og handbækur. Það er stutt síðan handbók deildarstjóra leit dagsins ljós þannig að ekki er komin mikil reynsla á hana. Virkilega frábær handbók! Verið er að skoða hvort handbókin nýtist fleiri leikskólum.</p> <p>Torgið hefur reglulega verið kynnt.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Tímaskortur hefur stundum haft áhrif í móttöku nýliða og erfitt að eiga við það en gott fyrir haustið að setja strax upp fundi til þess að ná að fylgja verkferlum í móttöku nýliða.</p> <p>Efla fólk enn frekar í að nýta sér þá fræðslu sem boðið er upp á torginu.</p>

Hvað var matið?	Námskrá og læsistefna	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Við höfum ákveðið margt í tengslum við skólanámskrána þetta ár og miklar umræður átt sér stað. Komið fyrsta uppkast.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Klára skólanámskrá og vinna að læsistefnunni okkar. Það er til grunnur af læsisstefnu en þurfum að yfirfara hana og uppfæra.</p>





## Ytra mat

Hvað var matið?	Viðhorfskönnun starfsfólks	
Hvernig fór matið fram?	Stofnun ársins	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Of fáir starfsmenn	
Helstu niðurstöður mats:	<p><b>Styrkleikar:</b></p> <p>Stjórnendur hvöttu starfsfólk til að svara könnun og gáfu því tíma innan vinnudagsins, komu þeim inn í tölvupóst o.fl.</p> <p>Reynt var effir fremsta megni að fá næga svörun.</p> <p>Haft var sambandi við Sameyki/Stofnun ársins með ábendingar til að auka svörun og einfalda starfsfólki að taka könnunina.</p>	<p><b>Tækifæri til umbóta:</b></p> <p>Fá marktæka svörun í næstu könnun!!</p> <p>Útskýra betur til hvers við erum að taka könnunina.</p>





### 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

#### Stjórnun og forysta

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Starfsþróunarsamtöl, innlit, skipulag fyrir deildarfundir og undirbúning.
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Í haust er stefnan á að hafa innlit á 6 vikna fresti allt skólaárið. Fyrsta innlit hjá deildarstjóra, svo leikskólastjóra og svo áfram til skiptis út skólaárið. Stjórnendur hitta leikskólastjóra á 6 vikna fresti. Skipulag samtala/innlita, deildarfunda og undirbúnings sett niður í byrjun skólaársins fyrir allt árið.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Skipulagninsvinnan hefst í maí og lokið í ágúst 2026. Framkvæmd hefst í ágúst 2026 og lýkur í júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta:	Metið með nafnlausri örkönnun meðal starfsfólks í maí 2027 og með því að skoða skráningar hvort þetta allt hafi gengið eftir.
Viðmið um árangur	Að við höfum náð að hafa innlit á 6 vikna fresti, að starfsfólk sé ánæggt með innlitin og að deildarfundir og undirbúningur sé á góðu róli.

#### Uppeldis- og menntastarf

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Að festa í sessi jólamarkað Ævintýraborgar með skýrari verkferlum og plássi í skipulaginu
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Árið 2025 héldum við fyrsta jólamarkaðinn okkar og úr varð stórt verkefni sem m.a. innihélt kostningar og búðarferð til að kaupa gjafir fyrir Barnaspítala Hringsins. Við viljum framkvæma þetta aftur og búa til verkferla til þess að markaðurinn og undirbúningur hans festist í sessi.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst í október 2026 og lokið í janúar 2027
Hvenær og hvernig á að meta:	Foreldrar fá sent upplýsingablað og matsblað og aðstoða börnin sín við að meta verkefnið í lok janúar.
Viðmið um árangur	Að við náum að fylgja skipulaginu og framkvæma.





## Uppeldis- og menntastarf

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Að hefja starf í listasmiðjunni sem við fengum upphaflega Sprotastyrk fyrir árið 2022.
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Listasmiðjan er tilbúin og í ár þarf að finna út hvernig við getum nýtt hana sem best og leyft öðrum að nýta hana með okkur. Gera skipulag og athuga hvort áhugi sé á að samnýta hana að einhverju leyti.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst í maí 2026 og lokið í júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta:	Metið af öllu starfsfólki á starfsdegi 27.nóvember með umræðuhópum og þá gerðar breytingar ef þarf. Svo aftur endurmat á starfsdegi á Ítalíu þar sem skráðar eru niður hugmyndir til að betrubæta listasmiðjuna okkar.
Viðmið um árangur	Að listasmiðjan sé í mikilli notkun og að sátt sé um skipulagið.

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Innleiðing á Lubbi finnur málbein
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Að fá inn námskeið um Lubba í maí 2026 og í framhaldi af því móta hvernig við viljum vinna með Lubba. Auk þess búa til poka með efnivið fyrir hvert hljóð sem hægt er að skoða og leika sér með og gera hvert lag myndrænt til að auðvelda tileinkun.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst í maí 2026 og lokið í júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta:	Metið af deildum á deildarfundum í mars með spurningalista sem stjórnendur útbúa. Í kjölfarið farið yfir niðurstöður á stjórnendafundum og skoðað hvort þurfi að breyta og bæta. Farið yfir efnivið.
Viðmið um árangur	Að unnið sé markvisst með Lubba á öllum deildum og að allir starfsmenn þekki hugmyndafræði Lubba efnisins og viti hvernig hægt er að nýta efniviðinn sem til er.





## Skólabragur/mannauður

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Að skemmtinefnd búi til viðburðadagatal í upphafi ársins fyrir allt árið til að auka gleði og starfsánægju.
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Að setja niður einn viðburð í hverjum mánuði utan vinnu, einn viðburð á vinnutíma og eina fjáröflun í hverjum mánuði.
Ábyrgð	Skemmtinefnd
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst í maí 2026 og verður út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta:	Talning á viðburðum í janúar og svo aftur í maí. Leikskólastjóri hefur umsjón með því.
Viðmið um árangur	Að það hafi verið skemmtilegir viðburðir tvisvar í mánuði og að það verði markviss fjáröflun fram að ferðinni í maí.

## Innra mat

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Að klára skólanámskrá Ævintýraborgar. Að uppsetning skólanámskrár geri okkur kleift að gera innra matið okkar einfaldara og skilvirkara.
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Fagfundir í hverjum mánuði þar sem faghópur skólans heldur áfram vinnu við gerð skólanámskrár. Skólanámskráin unnin áfram á starfsdögum með öllu starfsfólki 27.sept. og 5.feb. Stefnt er á útgáfuhóf 1.mars 2027 á 5 ára afmælinu okkar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst sumar 2026 og lokið 1.mars 2027
Hvenær og hvernig á að meta:	Metið á starfsdögum 27.nóvember og 5.febrúar af öllu starfsfólki. Hluti skólanámskrár tekinn fyrir í hvert skipti. Hluti af skólanámskrá er yfirfarinn.
Viðmið um árangur	Að skólanámskrá sé tilbúin 1.mars 2027 og það sé almenn ánægja með hana og að við teljum hana spegla vel starfið okkar.





#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars 2026. Eftir samtölin voru sett á innlit (stuttir fundir) sem eru á sirka sex vikna fresti fyrir allt starfsfólk. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu á milli sín samtölunum.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

- Námsferð til Reggio Emilia á Ítalíu. Þar ætlum við að læra meira um hugmyndafræði Reggio og listasmiðjur/atelier.
- Regnbogavottun.
- Áframhaldandi fræðsla/endurmenntun í tengslum við Barnasáttmálann.
- Dagur leikskólans.
- Menntakvika.

Einn starfsmaður verður í leikskólakennaranámi, einn kennari í framhaldsnámi, einn starfsmaður í námi um farsæld barna, tveir í grunnskólakennaranámi, nokkrir starfsmenn í íslenskunámi og nokkrir stefna á fagnámskeið leikskóla.

#### 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Apríl	Heimsókn í frístund með leikskólanum.	Melaskóli.	Frístund.
Apríl	Heimsókn á bókasafn með leikskólanum.	Melaskóli.	Melaskóli og deildarstjóri elstu deildar.
Mái	Vorskólaheimsókn með foreldrum.	Melaskóli.	Melaskóli og foreldrar.





## 7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð skipa þrír einstaklingar sem buðu sig fram eftir að óskað var eftir framboðum, þeir voru sjálfkjörnir.

Foreldrafélag skipa fjórir einstaklingar. Seinasta skólaár bauð foreldrafélagið upp á jólaleikrit, sá um ýmislegt í tengslum við jólaskemmtun og sá um sumarhátíð skólans sem vakti mikla lukku.

Kynningarfundir fyrir nýja foreldra hafa verið viku áður en börnin hefja vistun, þar taka stjórnendur á móti foreldrum og börnum og fara yfir almenn atriði um skólann, hugmyndafræði, sérstakar áherslur, hvað þarf að koma með, afhenda pappíra, sýna skólann og deildina sem barnið byrjar á.

Sérstakir auka fundir fyrir foreldra sem eru af erlendum uppruna þar sem farið er betur yfir leikskólastarfið, menningu og hefðir.

Kynningarfundir deilda hafa verið í október. Stuttir morgunfundir þar sem farið er yfir starfið framundan, barnahópin, kennarar kynntir betur o.s.frv.

Foreldraviðtöl hafa verið í október/nóvember og svo aftur í apríl/maí.

Stefnt er að aukinni fræðslu og samstarfi við foreldra í tengslum við Barnasáttmálann.

## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

30.september - Menntakvika – Sameiginlegur starfsdagur

27.nóvember – Starfsdagur

5. febrúar - Dagur leikskólans – Sameiginlegur starfsdagur

27.apríl - Menntastefnumót – Sameiginlegur starfsdagur

16.júní – Starfdagur -Námsferð

18.júní – Starfsdagur -Námsferð

## 9. Þróunarverkefni

Heiti:	Samstarfsaðilar:	Hver styrkir:
Læsi í víðu samhengi	Hagaskóli Miðja máls og læsis Miðstöð útináms og útvistar Mixtúra, sköpunarver SFS	Þróunarsjóður – B hluti 4.000.000kr





## 10. Fylgiskjöl:

- 10.1. Innra mat Fjöru
- 10.2. Innra mat Tjarnar
- 10.3. Innra mat Móa
- 10.4. Innra mat Lautar
- 10.5. Innra mat Esju
- 10.6. Umbótaáætlun allra deilda
- 10.7. Skóladagatal





## 10.1 Innra mat Fjöru 2025-2026

Börn fædd 2024

### Styrkleikar

- Stöðugur barnahópur
- Mikið unnið með læsi
- Hugmyndaríkt starfsfólk og samvinna milli deilda
- Sveigjanleiki og framkvæmdagleði
- Fjölbreytt verkefni (ræktun, listasýning o.fl.)
- Fjölbreyttar skráningar í ferilmöppu (verkefni, listaverk, samskipti)
- Framkoma og samskipti milli barna, starfsfólks og foreldra
- Unnið er með að efla sjálfstæði barna í sem flestum aðstæðum og athöfnum
- Markvissar samverustundir (lagalisti, sögustundir með Tjörn, jóga, aðlögunarsamvera)
- Markviss vinna með Barnasáttmálann
- Verkferlar varðandi aðlögun

### Tækifæri

- Markvissari þrif á leikföngum
- Undirbúningstímar starfsfólks (betra skipulag)
- Deildarfundir (markvissir og oftár)
- Sjónrænt veður og útiföt
- Meira Reggio miðað starf
- Betra skipulag þegar farið er í útiveru
- Fara í fleiri leiki (leikjamiðuð samvera)
- Hafa börnin meira með í daglegum athöfnum (fylla á, þvottur, sækja ávexti)





## 10.2 Innra mat Tjarnar 2025-2026

Börn fædd 2023 og 2024

### Styrkleikar

- Jákvætt og örugg tilfinningalegt umhverfi á deildinni
- Stöðugur barnahópur
- Mikið unnið með læsi
- Hugmyndaríkt starfsfólk og samvinna milli deilda
- Sveigjanleiki og framkvæmdagleði
- Fjölbreytt verkefni (ræktun, listasýning o.fl.)
- Fjölbreyttar skráningar í ferilmöppu (verkefni, listaverk, samskipti)
- Framkoma og samskipti milli barna, starfsfólks og foreldra
- Börnum er gefinn nægur tími til að styrkja sjálfstæði sitt, til dæmis með því að klæða sig og sækja um mat.
- Markvissar samverustundir (lagalisti, sögustundir með Tjörn, jóga, aðlögunarsamvera)

### Tækifæri

- Skipulag og markvissari áætlanagerð fyrir námsstundir
- Skýrari markmiðasetning fyrir daglegt starf
- Enn markvissari stuðningur við málþroska allra barna
- Markvissari þrif á leikföngum
- Undirbúningstímar starfsfólks (betra skipulag)
- Deildarfundir (markvissir og oftari)
- Sjónrænt veður og útiföt
- Meira Reggio miðað starf
- Betra skipulag þegar farið er í útiveru, hvetja börn til að klæða sig sjálf.
- Fara í fleiri leiki (leikjamiðuð samvera)
- Hafa börnin meira með í daglegum athöfnum (að brjóta saman smekik, fylla á, þvottur, sækja ávexti)





## 10.3 Innra mat Móa 2025-2026

Börn fædd 2023 og 2022

### Styrkleikar

- Föst rútfína og dagsskipulag
- Málörvun – Lubbi, matar/dýrabingó, loðtöflusögur, skoða orð eru ævintýri spil og allskonar spil, hlusta á sögur
- Hugmyndaríkt og kraftmikið starfsfólk
- Samvinna milli deilda
- Sveigjanleiki og skipulag
- Fjölbreytt verkefni (ræktun, páska föndur o.fl.)
- Framkoma og samskipti milli barna, starfsfólks og foreldra
- Unnið er með að efla sjálfstæði og sjálfstraust barna í sem flestum aðstæðum og athöfnum
- Markvissar samverustundir (lagalisti, samverustundir úti, jóga)

### Tækifæri

- Markvissari þrif á leikföngum
- Undirbúningstímar starfsfólks (betra skipulag)
- Deildarfundir (markvissir og oftari)
- Sjónrænt veður og útiföt
- Betra skipulag þegar farið er í útiveru
- Fara í fleiri leiki (leikjamiðuð samvera)
- Verkferlar varðandi aðlögun
- Fjölbreyttar skráningar í ferilmöppu (verkefni, listaverk, samskipti)
- Meira Reggio miðað starf





## 10.4 Innra mat Lautar 2025-2026

Börn fædd 2021 og 2022

### Styrkleikar

- Fjölbreyttur hópur
- Hugmyndaríkt og lausnamiðað starfsfólk
- Fjölbreytt verkefni og unnið með áhugasvið barnanna
- Samvinna milli deilda, sérstaklega við Móa
- Góð samskipti við foreldra og á milli starfsfólks
- Sjónrænt skipulag
- Vinna með Barnasáttmálann

### Tækifæri

- Markvissari vinna með málörvun
- Fleiri og fjölbreyttari skráningar
- Markvissari þrif á leikföngum
- Undirbúningstími starfsfólks – betra skipulag
- Meira Reggio miðað starf





## 10.5 Innra mat Esju 2025-2026

Börn fædd 2020 og 2021

### Styrkleikar

- Föst rúfína og dagskipulag – Sjónrænt dagskipulag sýnilegt, notkun tímavaka fyrir skiptitíma.
- Markvissari hópastarf – Þemavinna (Ræktun, ljós og skuggar, réttindi barna) lestur í tengsl við þemu, jóga- og hugleiðslustundir.
- Góð teymisvinna meðal starfsfólks og góður starfsandi á deildinni.
- Tengsl leik- og grunnskóla – Sterkari samband með hverfisskólanum okkar.
- Fleiri skráningar en áður – Unnið markvisst eftir lista.
- Góðgerðaverkefnið – Langtíma verkefni sem flétti saman réttindi barna, sköpun, fjármálalæsi og gildamenntun.
- Málörvun – Sjónræn lög, unnið meira með læsi, Lubbi finnur málbein, Gefðu 10.
- Fleiri deildarfundir á þessu ári.

### Tækifæri

- Undirbúningstími starfsfólks (Betra skipulag og utanumhald).
- Tiltækt inni á deild (Stærri og fleiri rými, erfitt að halda deildinni snyrtilegri).
- Frágangur móttökuhandbók erlendra foreldra.
- Fræðsla til starfsfólks sem er ekki fagmenntað (Torgið, Nýliðafræðsla, námskeið).
- Nýta Reggio hugmyndafræði betur í daglegu starfi.





## 10.6 Umbótaáætlun allra deilda 2026-2027

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Að handbók fyrir móttöku erlendra foreldra sé kláruð og nýtt í aðlögun.
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Ljúka prófarkalestri, klára uppsetningu, uppfæra þá kafla sem þarf að uppfæra.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennigar
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst: September 2026 Lokið: Júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta:	Örkönnun til þeirra foreldra sem fóru á móttökufundi með verkefnastjóra fjölmennigar eftir aðlögun haustið 2026.
Viðmið um árangur	Að allt starfsfólk geti nýtt sér handbókina þegar þörf er á. Að aðlögun barna af erlendum uppruna gangi vel. Að foreldrar af erlendum uppruna séu vel upplýstir um leikskólastarfið og leikskólamenningu. Að foreldrar af erlendum uppruna upplifi að þau tilheyra í leikskólanum og séu velkomin.

Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Fræðsla til starfsfólks, nýliða og/eða starfsfólks sem ekki er með menntun tengda kennslu/uppeldi.
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Að allir sitji nýliðafræðslu á Torginu. Að allir ófagmenntaðir starfsmenn sitji allavega eina fræðslu/námskeið á Torginu, hjá MML eða Vesturmiðstöð.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær lokið.	Hefst: September 2026 Lokið: Júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta:	Með því að skrá hvaða fræðslu/námskeið starfsfólk hefur tekið þátt í í lok árs.
Viðmið um árangur	Að nýtt starfsfólk sitji nýliðafræðslu á Torginu og að annað starfsfólk ekki með menntun í kennslu sitji a.m.k. eina fræðslu/námskeið tengt starfinu á hvorri önn.





Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Að leggja meiri áherslu á hugmyndafræði Reggio Emilia í daglegu starfi, verkefnavinnu og umhverfi á deildinni
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Kennarar/leiðbeinendur nýta undirbúningstíma sinn til að kynna sér hugmyndafræðina og fá innblástur að kveikjum, verkefnum og fleira sem nýtist í starfinu
Ábyrgð:	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær lokið:	Hefst: 1. September Lokið: 30. apríl
Hvenær og hvernig á að meta:	Tvær Reggio skráningar yfir árið, ein á hvorri önn, settar í ferilmöppu Starfsfólki sett fyrir í undirbúningi í lok hvers mánaðar að útbúa verkefni tengd mánaðarþemum leikskólans sem falla vel að Reggio Einn starfsmaður í hvert sinn, skiptast á að undirbúa Einu sinni í viku er sett upp Reggio kveikja inni á deild <ul style="list-style-type: none"><li>o Tekin mynd af uppsetningunni (sett í sérstaka möppu á sameign)</li><li>o Fyllt út í matsblað eftir hverja viku (vistað á sameign)</li><li>o Farið yfir myndir og matsblöð á deildarfundi í janúar og aftur í maí</li></ul> Eftir hverja viku er mynd af kveikjunni og börnunum að leik hengd upp á deildinni
Viðmið um árangur	Að tvær Reggio skráningar séu í ferilmöppu hvers barns Að starfsfólk deildarinnar hafi sett upp Reggio kveikju/verkefni einu sinni í viku





Tækifæri til umbóta/hverju er stefnt að:	Markvissara starf með barnasáttmálann
Aðgerðir til umbóta/framkvæmd:	Allar deildir vinna mánaðarleg verkefni úr Handbók Réttindaskóla á Leikskólastigi, sjá yfirlit bls. 50-51 og hugmyndir af útfærslu fyrir yngstu börnin á bls. 48-49 Hafa yfirlitið sýnilegt á hverri deild Upplýsa starfsfólk um tilgang og mikilvægi þess að vinna markvisst með Barnasáttmálann
Ábyrgð:	Verkefnastjóri Réttindaskóla
Hvenær hefst og hvenær lokið:	Hefst: 1. September Lokið: 31. Maí
Hvenær og hvernig á að meta:	Tvær skráningar yfir árið, ein á hvorri önn, settar í ferilmöppu og viðeigandi greinar Barnasáttmálans settar í skráningarnar Stjórnendur bera saman og ræða hugmyndir á „dagbókarfundum“ í upphafi eða við lok hvers mánaðar Verkefni hengd upp á viðeigandi stað í leikskólanum (deildum) ef við á Deildarstjórar taka mynd af verkefnum sem eru unnin og setja í sérstaka möppu á Sameign
Viðmið um árangur	Að tvær skráningar tengdar Barnasáttmálaverkefninu séu í ferilmöppu hvers barns Að börnin geti tengt greinar Barnasáttmálans við verkefni sem eru unnin (á meira við um eldri börn leikskólans) Að hver deild hafi unnið mánaðarlegt verkefni tengt Barnasáttmálanum





# 10.7 Skólaladagatal

## Leikskólaladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: **Ævintýraborg við Eggertsgötu**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 M	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 Þ	13 F	13 M	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 L	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 F	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 F	27 M	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 M	31 S	31 M	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L

Í reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfélks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna veisluaríðis og skráningardagur eru líu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum skilja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem ávefja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lagmarki tuftugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólalagjöld akveður, að höfðu samræði við starfsmenn og foreldrar að viðkomandi leikskóla tvöföldu leikskólalagjöldum í tíu til tuftugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hvefju hverfi leiðist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og grunnskóla til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



F. h. leikskólans Ævintýraborgar við Eggertsgötu

Kristín Petrina Pétursdóttir 01.06.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





## Starfsáætlun 2026 – 2027 Ævintýraborg við Eggertsgötu

### Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Jón Freysteinn Jónsson  
Kristbjörg Lára Gunnarsdóttir  
Gísli Davíð Karlsson





## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Starfsáætlun er í takt við áherslur seinasta árs. Verið er að taka á því sem má fara betur og halda áfram með það sem hefur gengið vel.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlun er skýr og vel uppsett. Verkefni eru með skýr og raunhæf markmið sem hægt er að fylgja eftir.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Foreldrar ættu fá góða innsýn með því að lesa greinargerð leikskólastjóra, þar er vel farið yfir helstu viðburði og starfsárið í heild. Innra mat hvernar deildar leiðir svo í ljós styrkleika og tækifæri sem hægt er að vinna úr.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Það væri gott að fá nokkur orð um hvernig tókst að vinna eftir áætlun seinasta árs og hvernig það var tekið inn í áætlunargerð þessa árs.

Fulltrúar í foreldraráði:



